



AUÐLINDIN OKKAR  
STEFNA UM SJÁVARÚTVEG



## 3. fundur samráðsnefndar Auðlindarinnar okkar

5. október 2022



# Yfirlit yfir fundi samráðsnefndar á árinu 2022

1. fundur – 10. júní – skipulag
2. fundur – 15. september – efling hafrannsóknna

**3. fundur – 5. október – tækifæri og umbætur í sjávarútvegi**

4. fundur – 16. nóvember – áframhaldandi umræða um tækifæri og umbætur
5. fundur – 22. desember - bráðabirgðaniðurstöður




## Dagskrá fundar

1. Kynning:
  - [audlindinokkar.is](http://audlindinokkar.is)
  - Kortlagning á stjórnunar- og eignatengslum í sjávarútvegi
  - Kveikjur og rannsóknarspurningar starfshópa
2. Umræður um kynningu og úrbótataækifæri í sjávarútvegi
3. Næstu skref í vinnu



# Tímalína – Hvar erum við stödd





Í lok maí 2022 skipaði Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra fjóra starfshópa til að greina áskoranir og tækifæri í sjávarútvegi og tengdum greinum ásamt því að meta þjóðhagslegan ávinning fiskveiðistjórnunarkerfisins. Starfshóparnir eru [Samfélag](#), [Aðgengi](#), [Umgengni](#) og [Tækifæri](#).

Í ljósi reynslu af vinnu við endurskoðun á fiskveiðilöggjöfni á undanförunum árum og áratugum varð niðurstaða matvælaráðherra sú að beita þyrfti nýrri nálgun við þær fjölmörgu áskoranir og tækifæri sem eru í sjávarútvegi og snerta samfélagið allt með beinum og óbeinum hætti. Í stað einnar stórrar pólitískrar nefndar er nú komið á laggirnar opnu, þverfaglegu og gagnsæu verkefni fjölmargra aðila sem unnið verður með skipulegum hætti á kjörtímabilinu.

## FRÉTTIR



### MATVÆLARÁÐUNEYTIÐ

Fjárfesting í þekkingu á umhverfi sjávar besta leiðin

23.09.2022

## Vilt þú hafa áhrif?

Hafðu samband ef þig langar að koma upplýsingum á framfæri, ert með hugmyndir eða spurningar tengdar verkefninu Audlindin okkar.

Sendu póst á [audlindinokkar@mar.is](mailto:audlindinokkar@mar.is). Starfsmaður kemur erindinu á framfæri við viðeigandi hóp þar sem það verður tekið til umfjöllunar.

## Gagnasafn

Hér má nálgast gögn og fundargerðir starfshópa og samráðsnefndar. Einnig má hér finna lög, dóma, frumvörp, álit og úrskurði sem viðkoma sjávarútvegi.

## Tímaáætlun

Verkefnum starfshópanna er skipt í fjögur tímabil. Smellið á mynd fyrir stækkun.



## Kortlagning á stjórnunar- og eignatengslum í sjávarútvegi

Samningur matvælaráðuneytisins og Samkeppniseftirlitsins um skýrslu um stjórnunar- og eignatengsl í sjávarútvegi í samstarfi við Fiskistofu, Skattinn og Seðlabanka Íslands.

Markmið matvælaráðherra með kortlagningu á stjórnunar- og eignatengslum í sjávarútvegi eru að stuðla að:

- Gagnsæi í eignarhaldi sjávarútvegsfyrirtækja
- Upplýstri stefnumótun stjórnvalda um regluumgjörð sjávarútvegs og breytingar á henni
- Því að á hverjum tíma sé farið að lögum og reglum á þessu sviði og að eftirlitsstofnanir geti sinnt hlutverki sínu og átt með sér samstarf.



## Kortlagning, frh.

Í athuguninni felst upplýsingasöfnun og kortlagning sem tekur að lágmarki til eftirtaldrá þátta:

1. Hún taki til allra sjávarútvegsfyrirtækja sem fengið hafa úthlutun aflaheimilda með ákveðnum stærðartakmörkunum sem ákveðin verða á fyrstu stigum verkefnisins.
2. Hún varpi ljósi á eignarhald eins sjávarútvegsfyrirtækis (eða aðila, eins eða fleiri, sem hefur eða hafa yfirráð yfir sjávarútvegsfyrirtæki) í öðrum sjávarútvegsfyrirtækjum.
3. Hún varpi ljósi á eignarhald eins sjávarútvegsfyrirtækis (aðila, eins eða fleiri,

sem hefur eða hafa yfirráð yfir sjávarútvegsfyrirtæki) í öðrum fyrirtækjum hér á landi, án tillits til þess á hvaða sviði þau starfa.

4. Hún varpi ljósi á áhrifavald eigenda sjávarútvegsfyrirtækja í gegnum beitingu atkvæðisréttar og stjórnarsetu í fyrirtækjum, sbr. afmörkun í liðum 2 og 3.
5. Hún auki gagnsæi um stjórnunar- og eignatengsl sem rakin eru í liðum 1-4.

*Skýrslunni verður skilað eigi síðar en 31. desember 2023.*



## Markmið gildandi laga

1. gr.

Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að **verndun og hagkvæmri nýtingu** þeirra og **tryggja með því trausta atvinnu og byggð** í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.





Veiðigjöldin  
of há/lág

Jafnrétti

Nýliðun

Strandveiðar

Orðsporið

Nýsköpun

Takmarkaðar  
aflaheimildir

Gagnsæi

Lítill  
samkeppni

## Skiptar skoðanir um vandamálið við gildandi kerfi?

Samþjöppun  
aflaheimilda

Byggðakvóti

Eignarhaldið  
óljóst

Skortur á  
rannsóknum

Ávinningur  
þjóðarinnar

Siðferðilega  
rangt

Kolefnissporið

Eignatengsl

Eftirlit

Kvótaþakið



Aukið  
eftirlit

Auka í  
5,3%  
kerfið

Fyrningaleið

Skýrari  
reglur um  
tengda  
aðila

Hækka  
kvótapakið

Skyldu til  
skráningar  
á markað

## Skiptar skoðanir um lausnir við vandamálum í gildandi kerfi

Aukið  
krókaaflamark

Lækka  
kvótapakið

Auknar  
strandveiðar

Hvatar til  
orkuskipta

Leggja  
niður 5,3%  
kerfið

Uppboð á  
veiðiheimildum


Samningaleið

# Kveikjur, verkefnahugmyndir og rannsóknarspurningar starfshópa

---

Í glærunum hér á eftir eru sýndar fyrstu hugmyndir starfshópanna Samfélag, Aðgengi, Umgengni og Tækifæri um kveikjur (þ.e. verkefni sem mætti fara strax í að þróa og koma í framkvæmd) og aðrar verkefnahugmyndir og rannsóknarspurningar.





Samfélag  
Rannsóknarspurningar



# Samfélag

- 1. Samfélagsleg staða – ágreiningur um stjórn fiskveiða og möguleiki til samfélagslegrar sáttar (mat á stöðu)**
  - Nær fiskveiðistjórnunarkerfið að óbreyttu markmiðum laga um stjórn fiskveiða?
  - Á að stefna að öðrum markmiðum?
  - Hefur aflamarkskerfið náð tilgangi sínum?
  - Hafa minni kerfin náð markmiðum sínum?
  - Á arður af „sameign þjóðarinnar“ að renna til ríkis (t.d. í þjóðarsjóð) eða sveitarfélaga?



# Samfélag

## 2. Mat á þjóðhagslegum ávinningi fiskveiðistjórnunarkerfisins (mat á stöðu)

- Hver er þjóðhagslegur ávinningur fiskveiðistjórnunarkerfisins?



# Samfélag

## 3. Alþjóðlegur samanburður á fiskveiðistjórnunarkerfum, sjálfbærni og samkeppnishæfni (mat á stöðu)

- Hvernig er íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið í samanburði við fiskveiðistjórnunarkerfi annarra landa?
- Hvernig stendur íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið að vígi hvað varðar sjálfbærni í samanburði við önnur ríki?
- Áhrif fiskveiðistjórnunarkerfis á samkeppnishæfni íslensks sjávarútvegs?



# Samfélag

## 4. Samþjöppun veiðiheimilda (mat á stöðu)

- Samstarf við Aðgengishópin.





# Samfélag

## 5. Staða strandbyggða – byggðakvótar og strandveiðar og möguleg styrking (mat á stöðu)


- Hvernig virkar byggðakvótakerfið?
- Hefur byggðakvótakerfið (almennir og sértækir) náð þeim markmiðum sem að var stefnt?
- Hefur strandveiðikerfið náð þeim markmiðum sem að var stefnt?
- Þarf að styrkja stöðu strandbyggða og hvaða leiðir eru færar til þess?



# Samfélag

## 6. Skattspor

- Hvert er skattspor ólíkra kerfa, þ.e. almenna kvótakerfisins, krókaafلامarkskerfisins og strandveiða?




# Aðgengi Rannsóknarspurningar



# Sjávarútvegur og sjálfbær þróun

## Þrjár stoðir sjálfbærrar þróunar



### Efnahagur

Arðbær atvinnuvegur, sem greiðir til samfélagsins



### Umhverfið

Nýting byggð á vísindum, en blikur á lofti sbr. fund um hafrannsóknir




### Samfélag

Langvarandi umræða um samfélagslegt misrétti



# Sjávarútvegur og þrjár stoðir sjálfbærrar þróunar





## Vandamálið og lausnirnar

Fiskveiðistjórnunarkerfinu er ætlað leysa úr eftirfarandi: „Markmið laga þessara er að stuðla að **verndun** og **hagkvæmri** nýtingu þeirra og tryggja með því trausta **atvinnu** og **byggð** í landinu.“


Er núverandi kerfi besta lausnin á viðfangsefninu?

Til þess að svara því er nauðsynlegt að meta núverandi kerfi, sem og mögulegar sviðsmyndir breytinga, gagnvart stoðunum þremur.

Hverja stoð má mæla með nokkrum mælikvörðum.



## Mælikvarðar



### Efnahagur

Verðmætasköpun, arðsemi,  
skattspor, launagreiðslur, ...



### Umhverfið

Vöxtur stofna, vernd  
sjávarbotns, mengun, ...



### Samfélag

Réttlát skipti ávinnings,  
nýliðun, aðgengi, ...

Snúið er að finna nákvæm gögn um suma mælikvarðana fyrir núverandi stöðu.  
Enn flóknara að meta þá fyrir sviðsmyndir. Ákvarða þarf vægi hvers mælikvarða inn í heildarmatið




## Mikilvægt að átta sig á vægi hvers hluta

	Verðmæti	Skattspor	Vöxtur stofna	Losun CO2	Réttlát skipti	Nýliðun
Núverandi kerfi						
Sviðsmynd B						
Sviðsmynd D						
Sviðsmynd E						

Snúið er að finna nákvæm gögn um suma mælikvarðana fyrir núverandi stöðu.  
Enn flóknara að meta þá fyrir sviðsmyndir. Ákvarða þarf vægi hvers mælikvarða inn í heildarmatið





## Umgengni Kveikjur



# Kveikja 1 – Veiðarfæri og fjarlægð frá landi

## Áskorunin

- Kerfið í dag er flókið og ekki ljóst hver markmiðin eru
- Smíðuð skip til að fara fram hjá kerfinu
- Hvaða hvatar stuðla að umhverfisvænni veiðarfærum?

## Kveikjan

- Einfalda þarf regluverk um hver má veiða hvar, horfa á til tegunda veiðarfæra á ákveðnum svæðum en ekki til afls eða stærða skipa.
- Horfa þarf til þess að hvatar leiði til þess að umhverfisspor við nýtingu auðlindarinnar sé lágmarkað.



## Kveikja 2 – Aðgengi og nýting gagna

### Áskorunin

- Gögnum er ekki deilt með aðilum sem hafa not fyrir gögnin
- Tækifæri eru til að safna frekari gögnum
- Eftir því sem tækni hefur aukist hefur orðið til mikið af gögnum og eða tækifærum til að afla gagna, nýta þarf gögnin til að styðja betur við rannsóknir á auðlindinni, umhverfismálum og til að auðvelda eftirlit

### Kveikjan

- Fyrirtækjum sem hafa nýtingaheimildir verði gert skylt að skila gögnum sem nýtast til rannsókna og eftirlits
- Gagnaskil munu auka þekkingu í greininni og getur leitt til minni óvissu í ákvarðanatöku



## Kveikja 3 – Sameining lagabálka

### Áskorunin

- Skortur á gagnsæi og yfirsýn varðandi löggjöf á sviði sjávarútvegs
- Ósamræmi milli lagabálkana, meðal annars í viðurlagaákvæðum

### Kveikjan

- Sameina þrjá helstu lagabálkana á sviði sjávarútvegs, í ein heildarlög um auðlindir hafsins:
  1. Lög um stjórn fiskveiða
  2. Lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands
  3. Lög um umgengni um nytjastofna sjávar



## Kveikja 4 — Sönnunarbyrði snúið við

### Áskorunin

- Eftirlit með fyrirtækjum sem hafa heimildir til að nýta auðlindina er kostnaðarsamt og mannfrekt og ekki mögulegt að hafa eftirlit með öllum

### Kveikjan

- Fyrirtæki verða gerð ábyrg fyrir því að sýna fram á að farið sé eftir lögum og reglum. Sönnunarbyrði verði snúið við.
- Sem dæmi þurfa fyrirtæki að sýni fram á að ekki sé brottkast og að vigtun sé rétt



## Kveikja 5 – Allur aflí í land

### Áskorunin

- Brottkast er til staðar, þeir hvatar sem eru til staðar í dag til að koma með allan afla í land duga ekki til og endurskoða þarf þá hvata sem eru í kerfinu í dag. Ekki er augljós leið hvernig eigi að koma öllum afla í land.

### Kveikjan

- Hærra hlutfall af verðmætum vegna VS afla renni til sjómanna
- Heimildir verði rýmkaðar til þess að koma með allan afla í land og það sem er utan kvóta fari undir VS afla
- Harðari viðurlög við brottkasti



## Kveikja 6 — Hvatar til að draga úr kolefnisspori

### Áskorunin

- Skortur á lausnum til víðtækra orkuskipta í sjávarútvegi
- Skortur á hvötum til verndandi aðgerða fyrir umhverfið

### Kveikjan — Margt smátt gerir eitt stórt

- Rafvæðing smábáta
- Fækkun í skipaflota — auknar heimildir á færri skip
  - Færri og styttri ferðir til að sækja afla
- Breytingar á skipsskrokkum og hönnun skipa
- Grænir pottar
- Álag á tiltekin veiðarfæri og ívilnanir á önnur
- Skattaafslættir



## Kveikja 6, frh. — Hvatar til að draga úr kolefnisspori

### Áskorunin


- Skortur á lausnum til víðtækra orkuskipta í sjávarútvegi
- Skortur á hvötum til verndandi aðgerða fyrir umhverfið

### Andstæðir pólar

- Einkarekin útgerð ein/færri
- Ríkisrekin útgerð
- Aukin samþjöppun í núgildandi kerfi
- Draga úr samþjöppun í núgildandi kerfi

*Hvað er best fyrir umhverfið?*





Tækifæri  
Kveikjur



# Rekjanleiki afla

## Mikilvægi

- Sjálfbærar veiðar.
- Forsenda útreiknings á kolefnisspori.
- Tækifæri í markaðssetningu.

## Staðan

- Mikil framþróun. Miklar upplýsingar til staðar.
- Rekjanleiki brotnar frekar í útflutningi á óunnum fiski.

## Kveikja

- Samhæfing gagnaöflunar og gagnanýtingar á milli útgerða og stjórnvalda.
- Möguleiki á nýtingu upplýsinga til nákvæmari stjórnunar veiða.



Umhverfi



Efnahagur



Samfélag



# Fullvinnsla, gæðamál og hringrásarhagkerfið

## Mikilvægi

- Sjálfbærni
- Seljanleiki afurða
- Virðisaukning af afurðum

## Staðan

- Mjög góð staða á fullvinnslu og gæðamálum, almennt. Gróska í hringrásarhagkerfinu.

## Kveikja

- Skoða umhverfi íslenskra vinnsla í samhengi við styrki ESB til erlendra vinnsla.
- Endurnýting og endurvinnsla umbúða.



Umhverfi



Efnahagur



Samfélag



# Stafræn umbreyting

## Mikilvægi

- Aukin framleiðni og verðmætasköpun

## Staðan

- Skýrslum og umsóknum skilað til fjölda stofnana. Í sumum tilvikum ennþá á pappír.

## Kveikja

- Sameiginleg gagnagátt.
- Ber í byggð:
  - Kortlagning á þeim gögnum sem verða til hjá fyrirtækjum og í stjórnsýslunni.
  - Kortlagning á skilum á upplýsingum til stjórnvalda.

○  
Umhverfi

●  
Efnahagur

○  
Samfélag



# Hugverkaréttur

## Mikilvægi

- Forsenda fjárfestingar í nýsköpun, sem er undirstaða verðmætaaukningar.

## Staðan

- Flestar íslenskar einkaleyfisumsóknir tengjast sjávarútveginum.

## Kveikja

- Skoða fyrirkomulag í tengslum við rannsóknir og uppgötvanir einkaaðila á hugsanlegum nýjum auðlindum hafsins.

○  
Umhverfi

●  
Efnahagur

○  
Samfélag



# Rannsóknir, þróun og nýsköpun

## Mikilvægi

- Undirstaða verðmætaaukningar.

## Staðan

- Mikill vilji til þess að auka hafrannsóknir.

## Kveikja

- Greina til hlítar lífríki sjávar og möguleika til verðmætasköpunar út frá ólíkum lífverum, með tilliti til sjálfbærni.
- Samhæfa stofnanir, háskóla og einkaaðila í rannsóknnum.



Umhverfi



Efnahagur



Samfélag



# Alþjóðasamskipti og orðspor

## Mikilvægi

- Seljanleiki afurða.

## Staðan

- Mikill vilji til þess að auka samstarf stjórnvalda og sjávarútvegsins.

## Kveikja

- Skoða gildandi og mögulega fríverslunarsamninga.
- Auka samstarf ráðherra og sendiráða við sjávarútveginn.

○  
Umhverfi

●  
Efnahagur

○  
Samfélag



# Markaðssetning

## Mikilvægi

- Jákvæð ímynd eykur eftirspurn og seljanleika afurða.

## Staðan

- Vilji til þess að auka sýnileika.
- Skiptar skoðanir um „norsku leiðina“.

## Kveikja

- Origin green – opinber vettvangur um vistvæna matvælaframleiðslu.
- Íslandsstofa sem greiningaraðili fyrir söluaðila.
- Aukin notkun íslenska fánans og skjaldarmerkisins.



Umhverfi



Efnahagur



Samfélag





# Menntun

## Mikilvægi

- Fyrir frampróun.

## Staðan

- Skortur á tækni- og iðnmenntuðu fólki.
- Ákveðnar stéttir að eldast.

## Kveikja

- Auka sýnileika og gera nám tengt sjávarútvegi almennara.
- Auka verknám og færa það framár.
- Auka verknám á landsbyggðinni.

○  
Umhverfi

●  
Efnahagur

●  
Samfélag



# Jafnrétti

## Mikilvægi

- Fjölbreytileiki leiðir til betri ákvarðana.

## Staðan

- Ójöfn hlutföll kynja víða í geiranum.

## Kveikja

- Breyting á menningu í skólakerfinu.
- Framkvæma breytingar upp í 30%?



Umhverfi



Efnahagur



Samfélag



Næstu skref



## Opnir fundir á landsbyggðinni

- Ísafjörður – 25. október
- Eskifjörður – 1. nóvember
- Vestmannaeyjar – 8. nóvember
- Akureyri – 15. nóvember



## Næstu skref

- Greinagerð Jóhanns Sigurjónssonar um stöðu haf-og fiskirannsóknna gefin út
- Vefurinn **audlindinokkar.is** opnaður
- Samráð hafið á samráðsgátt
- Samningur um stjórnunar- og eignatengsl
- Landsbyggðarfundir
- Næsti fundur samráðsnefndar 16. nóvember.



Takk fyrir